



Reykjanesbær, 24.janúar 2022

Efni: Beiðni um aukna samvinnu vegna atvinnuleitenda með skerta starfsgetu

Heimsfaraldurinn COVID-19 hefur haft hamlandi áhrif á allt atvinnulíf landsins sem ekki er þörf á að kynna frekar í bréfi þessu. Vinnuálastofnun hefur framfylgt fyrirætlum stjórnvalda með vinnumarkaðsaðgerður og áttakinu „Hefjum störf“ og hefur það skv. fyrstu tölum gefist vel.

Sá hópur sem farið hefur höllum fæti í faraldrinum eru atvinnuleitendur með skerta starfsgetu. Uppsagnir í þeirra hópi urðu að veruleika þegar ferðapjónustan dróst saman og hefur lítið sem ekkert glæðst í atvinnumálum þessa hóps síðan þá. Undir örorkuskalann fellur breiður hópur fólks sem eru allt frá því að vera með væga vinnuskerðingargetu og upp í verulega skerðingu til atvinnuþátttöku. Í dag eru 50 manns með vinnu á samningi hjá Vinnuálastofnun og 64 eru á biðlista eftir að fá atvinnutækifæri.

Vinnusamningur fólks með skerta starfsgetu er endurgreiðslusamningur sem Vinnuálastofnun gerir við atvinnurekendur sem ráða einstaklinga með skerta starfsgetu í vinnu. Endurgreiðsluhlutfallið er 75% fyrstu tvö ár í starfi, hlutfallið lækkar síðan um 10% með tólf mánaða millibili þar til 25 % lágmarks endurgreiðsluhlutfalli er náð.

Því miður hefur ekki verið um auðugan garð að grisja varðandi atvinnutækifæri fyrir atvinnuleitendur með örorku, fyrir heimsfaraldurinn, en hann hefur ekki bætt ástandið. Lítið virðist vera um úrræði fyrir ákveðinn hluta þessa hóps á Suðurnesjum og erfitt er að fá atvinnurekendur til að bjóða fólki vinnu. Við biðlum því til Sambands Sveitarfélaga á Suðurnesjum að taka beiðni um aukna samvinnu varðandi atvinnuþátttöku þessa hóps til íhugunar með það fyrir augum að veita atvinnuleitendum með skerta starfsgetu aukin tækifæri til atvinnuþátttöku á Suðurnesjum.

Með von um jákvæðar undirtektir

f. h. Vinnuálastofnunar á Suðurnesjum

Hildur Jakobína Gísladóttir
Forstöðumaður